

Nd.

578. Nefndarátt

um frumvarp til laga um breytingu á fátækralögum nr. 44, 10. nóv. 1905.

Frá minni hlutanum.

Jeg get ekki fallist á þær breytingar, sem farið er fram á í frumvarpi þessu, að nokkru leyti af sömu ástæðum og meiri hlutinn, og að öðru leyti af því, að jeg er ósamdóma bæði frumvarpinu og meiri hluta nefndarinnar.

Jeg get ekki sjeð, að það sje til umbóta, að stytta sveitfestistimann úr 10 árum niður í 5 ár. Jeg hefi alt af litið svo á, að þess styttri, sem sá tími væri, er sveitfestin væri bundin við, því lakara væri þetta fyrirkomulag.

En mjer skilst, að háttvirtur meiri hluti líti svo á, að því styttri, sem hann er, því betra.

Hjer er því um algerðar skoðana andstæður að ræða um þetta fyrirkomulag.

Þegar um það er að ræða, hvaða tímatakmark sje hentugast, til að skapa sveitfestina, þá verður á tvent að lita jafnframt. Í fyrsta lagi á það, hvað sje hentugast fyrir sveitarfjelög og sveitarstjórnir og bæjarfjelög og bæjarstjórnir, og í öðru lagi verður að lita á það, og ekki síður, hvaða fyrirkomulag sje hentugast vegna þeirra manna, er sveitarstjórnirnar þyrftu að hafa, eða þættust þurfa að hafa eftirlit með.

Það eru að eins þrjár aðferðir, sem jeg man eftir, að hafi verið nefndar, til að binda sveitfestina við: Í fyrsta lagi, að hafa fæðingarhreppinn fyrir framfærsluhrepp; í öðru lagi, að maður geti unnið sjer sveit á skemri eða lengri tíma, og í þriðja lagi, að hver eigi þar sveit, sem hann hefir eignast heimili, án tillits til þess, hvort hann er farinn að vinna þar nokkuð eða ekki neitt.

Maður gæti nú reyndar sagt, að það væri í sjálfu sjer alveg sama, hvað af þessu væri haft, til að binda sveitfestina við, og það væri það líka, ef hver einstaklingurinn væri óháður áhrifum og afskiftum sveitastjórnanna viðvikjandi því, hvar hann hefði heimili sitt.

Jeg get hjartanlega tekið undir með einum mjög merkum islenskum stjórnámálamanni, það sem hann sagði fyrir nokkuð mörgum árum, er um þetta mál var verið að ræða.

»Þjóðfjlagið, sem ein heild, á að annast þurfamenn sína, það er ástæðulaust, að metast um það, hvar þurfamaðurinn er framfærður; það hefir jafnan verið svo, að sveitarþyngslin hafa verið mismunandi í hinum einstöku hreppum, og þau breytast sífeldlega í hreppunum, sem fer eftir ýmsum þeim kringumstæðum, sem lög ekki geta haft áhrif á«.

Það er hjer um bil áreiðanlegt, að hvað sem af þessu þrennu væri haft, til að binda sveitfestina við, þá yrðu sveitarþyngslin hjer um bil hlutfallslega þau sömu í hreppunum jafnt fyrir það; ekkert sveitarfjelag getur haft skaða af því, við hvað sveitfestin er bundin, þegar hin sömu lög gilda um land alt, svo frá þeirri hlið sjeð ætti því að vera sama, hver fyrirkomulagsaðferðin væri lögskipuð.

En það er einstökum mönnum og einstöku fátæku fjölskylduliði, sem getur riðið það á miklu, hvernig þetta fyrirkomulag er, og það er vegna þeirra manna, sem eru svo fátækir eða á einhvern hátt mjög illa og erfiðlega staddir, sem það er svo afar nanðsynlegt, að fyrirkomulagið gæti verið þannig, að það væri sem allra minst ástæða fyrir sveitarstjórnirnar, að skifta sjer af þeim, fyrir en þeir sjálfir óska eftir hjálp og afskiftum.

En því er nú svo varið, eins og líka eðlilegt er, að sveitarstjórnirnar hafa mjög glögt og nákvæmt auga með öllu því fólki, sem þær halda að einhver hættu geti stafað af vegna hagsmuna hreppsins, og yfir þessu vaka þær eins og þær hafa vit og getu til, og nú þykir hver sá sveitarstjóri helst geta staðið í stöðu sinni, og vera maður með mönnum, sem í skjóli laganna beitir sem mestum afskiftum og ofriki við þessa fátæklinga, ef um einhver hagsmuna spursmál fyrir hreppsins hönd gétur verið að ræða; og það er út af þessum veslingum, sem sveitarstjórnirnar eiga oft í erfiðu stímabraki, og hörðu höggi hverjar við aðra, og það hefir átt sjer stað of oft, að þessar deilur hafa orðið svo harðar, að þær hafa gert vini að óvinum og frændur að fjandmönnum, og það er á þessu sviði, sem hreppapólitikin hefir oftast staðið á sínu hæsta stigi.

Það fyrirkomulagið, sem jeg tel áreiðanlega langbest og mannúðlegast, er að sveitfestin sje bundin við fæðingu mannsins, það er að hver maður eigi þar framfærslurjett, þar sem móðirin átti lögheimili, þegar hann fæddist, þá er hverjum manni með fæðingunni ákveðinn sinn framfærsluhreppur, og þá yrði svo sjerstaklega lítil ástæða fyrir sveitarstjórnirnar, að skifta sjer af því, hvar maðurinn dveldi, hvort heldur væri um skemri eða lengri tíma, af því þær sjá, að hann verður aldrei þeirra þurfamaður.

Jeg hefði gjarnan viljað koma að breytingartillögu í þessa átt, en eftir því sem jeg lit til, að þingið muni vera skipað nú í þessu falli, þá hygg jeg, að það mundi ekki hafa mikla þýðingu, og læt það því ógert að þessu sinni.

En þó jeg sjái mjer ekki fært, að koma fram umbótum á hinu verandi fyrirkomulagi, þá sje jeg mjer þó skylt, að gera alt sem jeg get til þess, að því sje ekki spilt, en það tel jeg stórum umspilt, ef sá tími, sem sveitfestin er bundin við, er færð úr 10 árum niður í 5 ár.

Samkvæmt því, sem jeg sagði hjer áður, þá tel jeg ófæð fyrirkomulagið því betra, sem tímatakmarkið er lengra, 10 ár því helmingi betri en 5, og 20 ár helmingi betri en 10.

Það eina, sem gerir hið núverandi fyrirkomulag slæmt, að hver eigi þar sveit, sem hann hefir dvalið full 10 ár eftir 16 ára aldur, er það, að sveitarstjórnirnar gera alt það, sem í þeirra valdi stendur, til að reka þá menn í burtu úr hreppnum á áttunda eða níunda dvalarárinu, sem þær eru nokkuð hræddar við, að geti orðið sveitinni til byrði, eða þá að þær veiða þá eða narra þá til að fá sveitarstyrk eða taka sveitarlán, og úr þessu verður oft misklið og stundum málarekstur á milli hreppanna, og einstakir menn hafa oft orðið fyrir megnasta órjetti og skaða með þessum aðförum.

Væri nú þessu tímatakmarki breytt eins og meiri hluti nefndarinnar leggur til, þá yrði afleiðingin að eins sú, að hinir áður umtöluðu fátæklingar hefðu hvorki frið eða grið fyrir sveitarstjórnunum lengur en 3—4 ár í staðinn fyrir, að þeir hafa það nú í 8—9 ár; þetta er svo auðsjeð og sjálfsgöð afleið-

ing, að jeg skil ekkert í því, að það skuli vera til nokkur maður hjer á þingi, sem ekki skilur þetta.

Það er altítt, að fátækur maður hjargast lengi við lítil efni og ljelegar ástæður, ef hann fær að vera kyr og óáreittur í sama stað, en svo sýnist sveitarstjórninni vissara, að láta bann fara burt úr hreppnum áður en hann verður sveitlægur, og fyrir dugnað hennar og hyggindi verður mannum svo komið í burtu, en maðurinn, sem hefir orðið fyrir þessari meðferð, að vera flæmdur frá ábyli sínu með fjölskyldulið sitt, biður oft við það ómetanlegt tjón, sem hann fær aldrei bæt看 á, og fer kanske innan skamms á sveitina, einmitt fyrir þessa meðferð, og þar að auki er hægt að geta þess til, að tilfinningar hans og konu hans sjeu tilfinnanlega særðar með slíkri aðferð.

Þá vil jeg að eins minnast á það fyrirkomulagið, sem mjer skilst helst að sumir háttvirtir nefndarmenn telji að muni vera langbest, það er að hafa dvalarhreppinn fyrir framfærsluhrepp, að hver maður eigi þar sveit, sem hann hefir eignast heimili, eða að minsta kosti þar sem hann er búinn að eiga heima í eitt ár. Þetta fyrirkomulag álit jeg verst og hættulegast af öllu því, sem mönnum hefir dottið í hug að hafa til að binda sveitfestina við.

Í staðinn fyrir að eftir nügildandi lögum er reynt að standa á móti því að fátækir eða farlama menn sjeu svo lengi í sveitinni í einu að þeir verði sveitlægir, þá væri, ef þetta fyrirkomulag yrði að lögum, lítt mögulegt fyrir nokkurn mann, sem væri mjög fátækur, eða á einhvern hátt fatlaður, að eignast heimili nema í sinni sveit, þá mundi sveitarstjórnnum fyrst fyrir alvöru gefast kostur á að leggja fram dugnað sinn og hyggindi, og í samtökum við forðaeigendur og forðaumráðendur og aðra sveitabændur mundu þær af öllum kröftum standa á móti því, að fátækir búendur fengju heimilisfestu í hreppnum, einnig alt farlama fólk og gamalt fólk, og yfirleitt alt það fólk, sem einhverjar ástæður væri til að halda að gæti orðið ósjálfbjarga þegar minst vonum varði, og það væri sama um hvaða stöðu væri að tala, hvort heldur það væri búendastaða, húsmenska, lausamenska eða vinnumenska, það mundi þykja mesti ódrengskapur, og ganga landráðnum næst, að hleypa slíku fólk inn í sveitina eða á heimili sitt, og sá, sem það gerði, yrði talinn óalandi og óferjandi; og alt þetta fólk, sem er nokkuð margt, hlyti því undir flestum kringumstæðum að vera þar kyrt alla sína æfi, sem það hefir einu sinni lent, sem sagt, vera þar lifandi grafið, hvort sem því væri það geðfelt eða ógeðfelt, haganlegt eða óhaganlegt. Af þessu leiddi því óbeinlínis eitthvert hið megnasta atvinnuóþreysi sem maður gæti hugsað sjer. Og að hugsa sjer hvað þetta væri þvingandi og drepanði fyrir alla manndáð og sjálfstæði fyrir manninn í lífsbaráttunni.

Það er ekki til neins, að vera að tala um það, að þetta mundi ekki alment eiga sjer stað, og að allir betri mennirnir sjeu hafnir yfir þess háttar skrílmensku, nei, það er ekki til neins að vera að tala um það, á meðan við sjáum að hreppapólitikin hreykir sjer eins hátt í sessinum og hún gerir og allir færari og betri mennirnir nota hæfileika sína til þess að ýta af sjer ómegð og álögum með öllu leyfilegu móti, yfir á nágrannahreppana. Nei, það er ekki til neins, á meðan lífsskilyrðin og manneðlið eru á því stigi, sem þau eru nú, og hver einstakur hugsar meira um sína eigin pyngju, en um pyngju ná-

ungans; það er altaf hægt að tala fallega og frjálsmannlega, og það gera alt of oft þeir, sem eru eigingjarnir óþokkar.

Og svo er annað, sem jeg er hræddur um að yrði gripið til, ef þetta fyrirkomulag yrði að lögum.

Það á sjer oft stað, að eitt hreppsfljelag á jörð, sem liggur í annari sveit, t. a. m. Tunguhreppur á jörð, sem heitir Móakot og liggur í Strandarhreppi, þá er það innanhandar fyrir sveitarstjórnina í Tunguhreppi að byggja einhverjum bláfátækum manni jörðina Móakot, manni, sem hefir verið á hrakhólum hjá þeim innan um hreppinn og er rjett kominn á sveitina, þessum manni byggja þeir svo Móakot til eins eða tveggja ára; þegar hann er búinn að vera þar svo lengi, þá byggja þeir honum út og segja að nú geti Strandhreppingar annast hann, og senda svo aftur annan bónda að Móakoti, sem er af líku tagi og hinn fyrri.

Og það er hægt að koma svona hreppapólitik við, þó hreppsfljelagið eigi enga jörð, sem liggur í annari sveit; það þarf ekki annað en að einstakir menn eigi hana. T. d. hreppstjórnin, oddvitinn eða einhver úr Strandarhreppi á jörð, sem liggur í Tunguhreppi, og þessi jarðareigandi annaðhvort gerir það fyrir hreppsfljelag sitt, eða hann hugsar sjer það sjálfur, að hann skuli nú launa Tunguhreppingum fyrir bygginguna á Móakoti, og byggja svo sína jörð manni úr Strandarhreppi, sem er af sama tagi og Móakotsbóndinn.

Það þarf alls ekki að efa að þessi dæmi mundi eiga sjer stað, því það sem hreppsfljelögin geta þegar um hagsmuni hreppsins er að ræða, *það gera þau*.

En þó að þessi tilfelli eða dæmi, sem jeg hefi nefnt nú síðast, sjeu mjög slæm, og ættu helst ekki að geta verið til, þá liggur samt ekki við að þau sje eins afskræmileg, eða svo sorgum og böli blönduð, eins og þau at-riði, sem jeg hefi tekið fram hjer áður, viðvikjandi meðferð og afskiftum af fátæku fólki.

Eftir því sem tilhagar hjer á landi, þá tel jeg engan vafa á því, að það væri langbest að binda sveitfestina við fæðingarhreppinn, þá hyrfu að mestu leyti þeir gallar, sem jeg tel vera á hinu núverandi fyrirkomulagi, og þá hyrfi líka það, sem gjörði það hættulegt og óhafandi, að binda sveitfestina við dvalarhreppinn; þá væri engin þörf fyrir Tunguhrepp að eiga neitt Móakot í Strandarhreppi, og þá færi engin sveitarstjórn að skifta sjer af því, þó hann Jón á Hóli tæki hann Sigurð gamla halta svo sem eitt ár, það væri verst fyrir hann Jón sjálfan, ef karl greyið gæti ekki unnið almennilega fyrir sjer, og þá dytti engri sveitarstjórn í hug að fara að flæma annað eins meinleysis- og gæðaskinn, og hann Gvend í Hjáleigunni burt úr sveitinni, með konuina og krakkana sína, sem alt eru efnilegustu börn, þó hann væri búinn að vera þar í 4 eða 9 ár, og það væri heldur engum þægð í að hann færi að fá sjer sveitarlán eða sveitarstyrk, og þá færi heldur enginn að skifta sjer af því, þó hann Björn á Barði lofaði henni Guðrúnu kerlingunni að vera eins lengi og hann vildi. Allur þessi ósómi hyrfi algjörlega, ekki af því að sveitarstjórnirnar hugsuðu ekki eins og áður um hagsmuni hreppsins, heldur af því að það væri svo ávinningslítið. Hverjum manni yrði þá með fæðingu ákvarðaður sinn framfærsluhreppur, svo það væri sama hvert hann færi, og hvar hann væri um fleiri eða færri ár, hann á altaf sama ákveðinn framfærsluhrepp, ef hann

verður þurfamaður. Það yrði því engin ástæða fyrir neina sveitarstjórn að skifta sjer af því, þó einhver flytji í hreppinn, og sje þar eins lengi og hann vill, þó hann sje mjög fátækur, bara ef hann er heiðarlegur og velkyntur maður.

Það sem mig hefir langað til að sýna fram á í þessu nefndaráliti mínu, er, að þetta umtalaða fyrirkomulag þurfi og eigi að vera svo, eða sem næst því, að hver einstakur maður sje þess vegna sem óháðastur afskiftum annara, og sjálfstæði hans og persónulegu frelsi sje sem allra minst misboðið.

Það er þetta, sem við verðum hjer um fram alt að hafa hugfast, að þjóðfjlagið hefir ekki einungis meiri lagalegan rjett, heldur og líka langtum meiri siðferðislegan rjett til þess að skifta sjer af og ráðstafa þeim manni — eftir því sem best á við — sem er búinn að segja sig til sveitar, og er að biðja um hjálp og ráðstöfun, heldur en af þeim manni, sem er að berjast fyrir lífinu, sem er að berjast við að vera laus við hjálp og ráðstöfun.

Samkvæmt framansögðu leyfi jeg mjer að ráða háttv. deild til að fella rumvarpið.

Alþingi, 26. ágúst 1915.

Jóhann Eyjólfsson.